

Alþingi
Erindi nr. P 127/1907
komudagur 15.7.2002

Viðbótarathugasemdir við umsögn SVP um frumvarp til laga um vörur úr eðalmálmum, 620.mál

Eins og við kvörtuðum yfir þá gafst lítil tími til að fá viðhorf aðildarfyrirtækja til frumvarpsins en við sendum það samt á nokkur fyrirtæki með ósk um hraðlestur og skjótar athugasemdir ef eitthvað stingi í augu við þann lestur. Eftirfarandi umsögn barst um helgina, þ.e.a.s. eftir að við sendum inn umsögn sl. föstudag og leyfi ég mér að áframsenda hana til umþenkingar í nefndinni.

Við höfum kynnt okkur þetta í fljótu bragði og viljum gera eftirfarandi athugasemdir:

- 1. Verðhækkun, - gjöldin og kostnaðurinn við þessa breytingu mun færast út í verðlagningu vörunnar.*
- 2. Aðlögunartími er of stuttur, aðeins tveir mánuðir, mætti að okkar mati færast til 1. jan 2003*
- 3. Eldri birgðir frá framleiðendum sem við erum ekki lengur í samstarfi við. Verðum við að borga skráningu á framleiðendum vara sem við eigum jafnvel lítið af vörum frá og munum ekki taka meira af í framtíðinni?*

Eftir að hafa farið hratt frumvarpið er ofantalið það helsta sem kemur í huga. Það gæti verið fleira en ég þarf að fara betur yfir málið til þess að geta svarað því.

Virðingarfyllst,

Sigurður Jónsson framkvæmdastjóri
SVP- Samtök verslunar og þjónustu